

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 31. október 2022

Mál nr. S-15/2022:

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

(Rósamunda Jóna Baldursdóttir fulltrúi)

gegn

Péttri Vatnari Péturssyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi 10. janúar 2022 á hendur Péttri Vatnari Péturssyni, [...]

„fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, laugardaginn 30. október 2021, ekið bifreiðinni [...] um Suðurlandsveg við Breiðamýri í Sveitarfélaginu Árborg óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 1000 ng/ml og MDMA 90ng/ml).

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77, 2019, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málið var þingfest 10. febrúar 2022.

Ákærði neitar sök.

Aðalmeðferð fór fram 16. september 2022 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða, að mati dómsins, úr ríkissjóði.

Fyrir uppkvaðningu var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

### **Málavextir**

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hún við almennt eftirlit við Olís við Arnberg á Selfossi síðdegis 30. október 2021. Var tekin ákvörðun um að athuga með ástand og réttindi ökumanns bifreiðarinnar [...], sem reyndist vera ákærði. Var ákærða gefið merki með forgangsljósum lögreglubifreiðarinnar um að stöðva bifreiðina á Suðurlandsvegi við Breiðamýri, sem hann gerði. Framvísaði ákærði rafrænu ökuskírteini með gildum B réttindum.

Í viðræðum lögreglu við ákærða vaknaði grunur um að ákærði væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja, en í frumskýrslu segir að hann hafi verið sljór í tali og þurr í munnum. Var ákærði fenginn til að koma yfir í lögreglubifreiðina.

Skýrði ákærði frá því að hann hafi komið á Selfoss ásamt syni sínum til að kaupa bíl. Sonur ákærða hefði ætlað að keyra þann bíl til baka heim í Hafnarfjörð, en sonurinn væri 17 ára gamall.

Ákærði heimilaði lögreglu að taka munnvatnsstroku vegna gruns um akstur undir áhrifum lyfja eða ávana- og fíkniefna. Samtímis upplýsti ákærði að hann væri að tala Elvanse samkvæmt læknisráði við ADHD. Munnvatnsstrokan var tekin kl. 16:37 og sýndi jákvæða niðurstöðu gagnvart AMP/MET. Var þá ákærða kynnt að hann væri handtekinn vegna gruns um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja. Var honum einnig kynnt réttarstaða hans.

Var ákærði fluttur á lögreglustöð, en bifreið ákærða kyrrsett á bifreiðastæði við Breiðumýri. Kom hjúkrunarfræðingur á lögreglustöð og dró blóð úr ákærða kl. 16:56 og var ákærði síðan látinn laus kl. 17:04 að lokinni blóðsýnistöku.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist í blóðsýni ákærða 1000 ng/ml af amfetamíni og 90 ng/ml af MDMA.

Af hálfu ákærða hefur verið lagt fram vottorð A heimilislæknis, dags. 17. mars 2022, en þar kemur fram að ákærði sé á lyfjameðferð með lyfinu Elvanse adult og taki lyfið að staðaldri samkvæmt læknisráði. Þá hefur ákærði lagt fram útprentun sem virðist vera af vefsíðunni heilsuvera.is.

## **Framburður við aðalmeðferð**

Ákærði kom fyrir dóm við aðalmeðferð og kvaðst hafa verið við Olís og verið stöðvaður við aksturinn. Kvaðst ekki vita hvers vegna hann hafi verið stöðvaður. Hann hafi verið einn á ferð. Lögregla hafi spurt hann um ökuskírteini og beðið hann um að koma og gefa munnvatnsstrokusýni. Þá hafi ákærði sagt að hann væri á lyfjum þannig að það myndi mælast amfetamín. Hafi ákærði sýnt lögreglumanninum allt um það. Hann hafi verið með vottorð um að hann væri að fá þessi lyf. Svo hafi lögreglumaðurinn sagt að það mældist amfetamín og að hann væri handtekinn, en ákærði sagt að það væri vegna lyfjanna. Svo hafi hann verið fluttur á lögreglustöð og færður í blóðprufu. Eftir blóðsýnistöku hafi hann svo verið látinn laus.

Aðspurður hvort ákærði hafi verið með vottorð meðferðis kvaðst hann hafa flett því upp í símanum og sýnt lögreglu strax þegar hann hafi verið stöðvaður. Hann hafi sýnt lögreglunni uppflettinguna á heilsuveru.is.

Aðspurður um töku ákærða á lyfinu Elvanse adult kvaðst ákærði hafa verið að fá 50 og 30 milligrömm af því á þessum tíma. Hann hafi bara verið að byrja á þessu þá og hafi mátt taka bara eftir þörfum og lækurinn hafi sagt honum að hann ætti sjálfur að finna út úr skammtastærðum. Kvaðst hafa verið að taka lyfið að læknisráði og í samræmi við ávísað magn. Þennan tiltekna dag hafi hann sennilega tekið lyfið fyrir hádegið, bæði eftir að vakna og svo aftur skömmu síðar. Svo eftir þörfum. Ákærði kvaðst ekki muna nafn þess geðlæknis sem hafi ávísað lyfinu, en sennilega annað hvort B eða C.

Aðspurður kannaðist ákærði ekki við að hafa tekið inn neitt annað en þessar umræddu Elvanse töflur þennan dag og dagana á undan, hvorki amfetamín né MDMA. Kvaðst aldrei hafa prófað það sem kallað sé „ecstasy“ og inniheldur MDMA.

Lögreglumaður nr. 2236 kom fyrir dóm við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa verið með öðrum lögreglumanni á bíl og hafi hinn lögreglumaðurinn verið stjórnandi á vettvangi og ritað skýrslu. Þær hafi verið á bensínstöð Olís við Arnberg á Selfossi og séð tvo menn í bíl, þ.e. ákærða og einhvern stráka. Skömmu síðar hafi þær séð ákærða í öðrum bíl og hafi þá strákurinn ekki verið með. Þeim hafi þótt strákurinn full ungur til að vera að aka þannig að þær hafi ákveðið að kanna þetta nánar og stöðvað ákærða fyrst til að kanna með réttindi og ástand. Hafi vitnið farið út og beðið um að sjá ökuskírteini sem ákærði hafi orðið við. Hafi vitnið beðið hinn lögreglumanninn að koma sér til aðstoðar þar sem vitninu hafi þótt ákærði þurr í munn og þannig. Hafi hinn lögreglumaðurinn komið og rætt við ákærða. Hafi verið ákveðið að taka ákærða í „drugtest“. Hafi

fíkniefnaprófið svarað jákvætt á amfetamín. Hafi þá ákærði verið handtekinn og verið fluttur á lögreglustöð. Þar hafi verið tekið blóðsýni úr ákærða og hann látinn laus eftir það.

Aðspurð hvort ákærði hafi getið þess á vettvangi að hann tæki amfetamín skv. læknisráði kvað vitnið að hann hafi talað um Elvansín eða eitthvað þannig. Hafi verið útskýrt fyrir ákærða að blóðsýni færi í rannsókn skv. verklagsreglum þegar mældist í forprófi. Þegar sakborningur greini frá því að taka lyf þá sé skv. verklagsreglum spurt hvort viðkomandi geti framvísað lyfjakorti. Ákærði hafi ekki framvísað lyfjakorti. Það sem ákærði hafi sýnt þeim í símanum sínum sé ekki lyfjakort heldur einungis lyfseðill fyrir lyfinu Elvanse. Ef viðkomandi framvísi lyfjakorti þá þurfi að fá lækni til að meta ástand hans, en það hafi ekki verið í þessu tilviki. Ákærði hafi aðeins sýnt þeim í símanum sínum að hann væri með lyfseðil, en þar hafi ekki verið tilgreindar skammtastærðir eða annað. Þetta hafi ekki verið lyfjakort. Vitnið kvaðst ekki þekkja innihaldsefni lyfsins Elvanse. Kvaðst ekki þekkja til þess að í því geti verið amfetamín. Kvaðst ekki muna til þess að ákærði hafi getið þess að hann tæki inn amfetamín skv. læknisráði. Hann hafi sagt að hann tæki Elvanse. Kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi sagt að amfetamín myndi greinast í sýni hans.

Lögreglumaður nr. 1407 kom fyrir dóm við aðalmeðferð og skýrði frá því að hún hafi verið með öðrum lögreglumanni við almennt eftirlit við Olís á Arnbergi á Selfossi. Hafi verið ákveðið að kanna með ástand og réttindi ökumanns [...]. Ökumaðurinn, þ.e. ákærði, hafi stöðvað bílinn og hafi verið rætt við hann. Í samtalinu hafi vaknað grunur um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja. Hafi ákærði verið fenginn yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði hafi heimilað munnvatnsstrokusýni og hafi það svarað jákvætt við ávana- og fíkniefnum eða lyfjum. Hafi ákærði þá verið handtekinn og kynnt réttarstaða. Ákærði hafi virst þurr í munni og sljór í tali. Ákærði hafi skýrt frá því að fyrra bragði að hann væri að taka Elvanse við ADHD og hafi strax sagt að verið gæti að eitthvað kæmi upp í tengslum við það. Hafi ákærða þá verið kynnt að verklag lögreglu væri þannig að ef kæmi jákvætt á þetta sýni þá yrði hann handtekinn og færður í blóðprufu. Svo kæmi niðurstaða rannsóknarstofu. Ákærði hafi opnað heilsuveru.is í símanum sínum, en vitnið hafi ekki séð það sjálf þar sem hún hafi setið í framsæti, en ákærði aftur í ásamt hinum lögreglumanninum. Sér hafi skilist að ákærði hafi sýnt lyfseðla á heilsuveru.is fyrir einhvers konar ADHD lyfjum. Kvaðst ekki geta sagt meira

til um það, enda ekki séð það sjálf. Hafi ákærði verið færður á lögreglustöð, þar dregið blóð og verið látinn laus að því loknu.

Aðspurð kvað vitnið að ákærði hafi verið kurteis og samvinnuþýður í alla staði, en hann hafi virst sljór, þurr í munni og eilítið stressaður.

Vitnið staðfesti frumskýrslu sína.

Aðspurð um verklag kvað vitnið að almennt sé ekki kallaður til læknir til að meta ástand ökumanns. Það muni vera gert þegar viðkomandi framvísar lyfjakorti. Að framvísa í gegnum heilsuveru.is teljist ekki fullnægjandi.

Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð svona lyfjakort, en þau séu ámóta stór og ökuskírteini, en kvaðst ekki vita nákvæmlega hvað þar sé tilgreint.

Vitnið D gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið er réttarefnafræðingur og starfsmaður Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Vitnið staðfesti að hafa komið að rannsókn á blóðsýni ákærða og staðfesti niðurstöður matsgerðar. Aðspurður kvaðst vitnið þekkja til lyfsins Elvanse adult og hvernig það skilar sér sem amfetamín í blóði. Hámarks ráðlagður dagskammtur af þessu lyfi sé 70 mg af lisdexamfetamíni þá jafngildi það um 20,8 mg af svokölluðu dexamfetamíni. Þessi skammtur ætti að skila sér, miðað við rannsóknir, í hámarksstyrk í blóði eftir u.þ.b. 2 klukkustundir sem 100-150 ng/ml. Þetta sé miðað við hámarksskammt af töku lyfsins í lækningalegum dagskammti. Aðspurður hvort mögulegt sé að niðurstaða rannsóknar á blóðsýni ákærða, þ.e. 1000 ng/ml af amfetamíni, geti skýrst af töku lyfsins Elvanse adult, miðað við hámarksskammtinn 70 mg á dag, kvað vitnið það vera útilokað miðað við öll gögn sem vitnið hafi kynnt sér og séð. Allar rannsóknir sýni að eftir hámarksskammt af Elvanse adult fari styrkleiki eða þéttni amfetamíns mest upp í 100-150 ng/ml. Miðað við rannsóknir norska rannsóknamannsins Gustafsen þá megi áætla að ef þéttni amfetamíns mælist á bilinu 540-1000 ng/ml, þá hafi inntakan verið á bilinu 140-300 mg af amfetamíni, en einungis séu 20,8 mg af amfetamíni í hámarksskammti af lisdexamfetamíni. Þyrfti margfaldan hámarkssdagskammt til að komast í þennan styrk.

Aðspurður hvort inntaka lyfsins Elvanse adult geti skýrt að MDMA greinist í blóði ákærða kvað vitnið það útilokað.

Aðspurður kvað vitnið að miðað við þann styrk amfetamíns sem greinst hafi í blóði ákærða þá ætti aksturshæfni hans að vera farin að minnka. Vitnið gat hins vegar ekki fullyrt það um MDMA í blóði ákærða.

Aðspurður um það ef ákærði hafi tekið eitt hylki af Elvanse adult 50 mg að morgni og annað hylki 30 mg og enn eitt hylkið 30 mg, þ.e. alls 110 mg, kvað vitnið að það gæti heldur ekki skýrt svo háa niðurstöðu blóðsýnis sem tekið var kl. 16:56. Þannig að jafnvel þótt viðkomandi hefði tekið tvöfaldan dagskammt, þ.e. 140 mg, þá myndi það jafngilda u.þ.b. 42 mg af fríu amfetamíni, sem myndi þá skila sér í u.þ.b. 100-260 ng/ml skv. rannsóknnum áður nefnds Gustafsen. Þannig væri tvöfaldur dagskammtur enn langt undir þessum 1000 ng/ml amfetamíns sem greinst hafi í blóði ákærða.

Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa lyflækningaleyfi og ekki hafa menntun beint á því sviði, en hann sé menntaður lífefnafræðingur og hafi þannig mikinn skilning á því hvernig lífvirk efni virka.

Þá lýsti vitnið aðferðum rannsóknastofunnar við greiningu efna í blóðsýnum.

### **Forsendur og niðurstöður**

Ákærða í máli þessu er gefið að sök að hafa ekið bifreið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, nánar tiltekið amfetamíns og MDMA, allt eins og nánar greinir í ákæru.

Ákærði hefur neitað sök og krefst þess að verða sýknaður af kröfum ákæruvalds. Hann hefur kannast við að hafa verið við akstur umræddrar bifreiðar á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, en sýknukrafa hans byggir á því að hann hafi fyrr um daginn tekið inn lyfið Elvanse adult, sem hann taki að læknisráði vegna ADHD og það skýri niðurstöðu blóðrannsóknar. Kveðst hann ekki hafa tekið inn nein önnur lyf eða ávana- og fíkniefni þennan dag og dagana á undan. Hvorki amfetamín né MDMA. Hann hafi einungis tekið inn Elvanse adult eins og hann hafi skýrt frá strax á vettvangi.

Lögreglumennirnir sem höfðu afskipti af ákærða umrætt sinn hafa komið fyrir dóminn og er framburður þeirra rakinn hér að ofan. Með framburði þeirra, sem og framburði ákærða er sannað að ákærði hafi verið við akstur umræddrar bifreiðar á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir.

Eftir stendur hvort ákærði hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, en í blóðsýni hans greindust 1000 ng/ml af amfetamíni og 90 ng/ml af MDMA eins og áður segir.

Með matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sem og með vætti D, réttarefnafræðings og starfsmanns Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, er sannað að umrædd efni voru í blóði ákærða greint sinn og í því

magni sem áður greinir. Matsgerðinni og vætti D hefur ekki verið hnekkt og ákærða ekki lánast að draga úr vægi hennar. Verður niðurstaða hennar því lögð til grundvallar um þau efni sem greindust í blóði ákærða, sem og um magn þeirra.

Eins og áður segir ber ákærði fyrir sig að niðurstaða blóðrannsóknar skýrist af því að hann hafi verið að taka lyfið Elvanse adult, en í því mun vera efnið lisdexamfetamín.

Í 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir:

*Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 5. mgr., ef:*

*a. hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast, og*

*b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælast, og*

*c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.*

Fyrir liggur að við aksturinn hafði ákærði ekki meðferðis og framvísaði ekki vottorði læknis sem sýni fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mældust. Þá liggur líka fyrir að ákærði hafði ekki, framvísaði ekki og hefur ekki sýnt fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mældust. Var af þessum sökum engin þörf eða ástæða til að lögreglumenn færðu ákærða til læknisskoðunar til að kanna hvort hann hafi verið hæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega, sbr. c lið 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Í þessu efni breytir engu að ákærði hafi sýnt lögreglu rafrænan lyfseðil á vefnum heilsuvera.is fyrir lyfinu Elvanse adult. Engu breytir heldur það læknisvottorð sem ákærði hefur lagt fram, dags. 17. mars 2022 og gerð er grein fyrir hér að ofan.

Þá liggur fyrir samkvæmt skýrum og greinargóðum framburði réttarefnafræðingsins D, að það magn amfetamíns sem mældist í blóði ákærða er langt umfram það magn amfetamíns sem mögulega getur mælst í blóði eftir töku lyfsins Elvanse adult í lækningalegum skömmtum. Auk þess er útilokað skv. vætti vitnisins að neysla þessa lyfs geti leitt til þess að MDMA greinst í blóði þess sem hefur neytt lyfsins.

Samkvæmt framansögðu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi er honum er gefin að sök og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða. Ákærði hefur unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða gekkst hann undir lögreglustjórásátt 17. október 1996 vegna ölvunaraksturs og var hann þá sviptur ökurétti í 12 mánuði frá 17. október 1996. Þann 22. maí 1997 gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun fyrir ölvunarakstur og var á ný sviptur ökurétti í 12 mánuði frá 17. október 1996. Ekki er tekið fram á sakavottorði að um sama mál sé að ræða, en ætla verður að svo sé. Þann 15. nóvember 2007 var ákærði dæmdur til greiðslu fésektar kr. 90.000 fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var hann jafnframt sviptur ökurétti í 6 mánuði frá 24. janúar 2008. Þá gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun 3. febrúar 2010, fésekt kr. 100.000, fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Var hann þá jafnframt sviptur ökurétti í 2 ár frá 4. febrúar 2010. Þann 11. september 2014 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Var hann jafnframt sviptur ökurétti ævilangt frá 14. mars 2014. Samkvæmt sakavottorðiðnu var tekin ákvörðun um að ákærði afplánaði refsivistina vegna rofs á skilyrðum samfélagsþjónustu 22. febrúar 2018 og lauk samfélagsþjónustu 20. mars 2019 skv. sakavottorðinu. Þá var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi 1. apríl 2015, m.a. fyrir ölvunarakstur og akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Var ákærði einnig sviptur ökurétti ævilangt og dómur birtur 28. apríl 2015. Þá segir í sakavottorðinu vegna þessa dóms að ákvörðun um afplánun refsivistar vegna rofs á skilyrðum samfélagsþjónustu hafi verið tekin 22. febrúar 2018 og að lok samfélagsþjónustu hafi verið 20. mars 2019. Sakaferill ákærða að öðru leyti hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans nú.

Ákærði hefur vísað til þess að brot gegn 50. gr. umferðarlaga hafi ekki ítrekunaráhrif í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 815/2015. Það breytir hins vegar ekki dómvenju um áhrif sakaferils á ákvörðun refsinga vegna ölvunaraksturs og aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Að virtum sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 90 daga fangelsi, sem ekki kemur til álita að binda skilorði, sbr. dómvenju.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum í ákæru, einkum þó 3. mgr. 99. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökurétti ævilangt. Í því sambandi er ástæða til að geta þess að skv. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 falla ítrekunaráhrif niður

*ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefur tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefur fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið.*

Þá ber skv. 235 gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, en skv. sakarkostnaðaryfirliti nemur kostnaður við rannsókn málsins kr. 106.182 og ber ákærða að greiða þann kostnað, ásamt málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, kr. 334.800 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Pétur Vatnar Pétursson, sæti fangelsi í 90 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, alls kr. 440.982, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, kr. 334.800.

Sigurður G. Gíslason